Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

Heiti verkefnis eða námsgreinar:			
Árgangur:	**3.bekkur**	**Námsgrein**	**Náttúrufræði**
Tímabil:	**2026-2027**	**Kennarar:**	**Helena, Stella og Örn**

Lykilhæfni:

- Orðaforði: Nemandi getur lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni.
- Rökræða: Nemandi getur útskýrt mál sitt með rökum.
- Ályktun: Nemandi getur skoðað gögn og upplýsingar og dregið eigin ályktanir.
- Sjálfstæði: Nemandi getur sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.

Hæfniviðmið:

Vinnulag náttúruvísinda

- Hugtök: Nemandi getur notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu
- Læsi á gögn og náttúruvísindatexta: Nemandi getur lesið einfaldan náttúruvísindatexta og endursagt helstu atriði með eigin orðum, skoðað einfaldar myndir og sagt frá efninu
- Athuganir: Nemandi getur framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum
- Miðlun: Nemandi getur kynnt niðurstöður einfaldra athugana og upplýsingaöflunar og tekið þátt í umræðu um efnið
- Vísindaleg vinnubrögð: Nemandi getur sett fram spurningar, leitað svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýrt valið viðfangsefni

Umhverfið

- Náttúruvernd: Nemandi getur tekið dæmi um náttúruvernd í nærumhverfi sínu
- Veðurfar: Nemandi getur gert sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi
- Náttúruauðlindir og sjálfbær nýting: Nemandi getur tekið þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna
- Einstaklingurinn og umhverfið: Nemandi getur áttað sig á mikilvægi þess að ganga vel um umhverfið
- Geta til aðgerða: Nemandi getur komið með hugmyndir að aðgerðum sem tengjast náttúruvernd

Lífið

- Flokkun lífvera: Nemandi getur rætt helstu einkenni lífvera
- Örverur: Nemandi getur gert sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu sem geta verið ýmist gagnlegar eða skaðlegar

- Frumur: Nemandi getur gert sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum
- Heilsa: Nemandi getur rætt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns

Efnin

- Leysni: Nemandi getur rannsakað leysni algengra efna á heimilinu
- Sýrustig: Nemandi getur þekkt dæmi um hættuleg efni á heimilinu

Orkan

- Nýting orku: Nemandi getur nefnt dæmi um uppruna orku og tekið þátt í umræðu um orkusparnað
- Varmi: Nemandi getur útskýrt muninn á heitu og köldu með einföldum tilraunum
- Rafmagn og segulmagn: Nemandi getur kannað eiginleika segla

Alheimurinn

- Mótun lands: Nemandi getur nefnt dæmi um hvernig land verður til og mótast

Lýsing og kennsluaðferðir:

- Þjálfunaræfingar
- Verklegar æfingar
- Leitaraðferðir
- Hópvinnubrögð
- Samvinnuverkefni

Námsgögn:	**Námsmat/skil á verkefnum:**
• Halló heimur 2 • Ásamt efni og verkefnum frá kennurum	• Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Horft er meðal annars til þátttöku, skilnings á náttúrufyrirbærum, vinnubragða, samvinnu og hæfni til að tjá sig um það sem unnið er með.

Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026-2027

SELJASKÓLI